**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1167 — 607. mál.**

# Svar

**utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um viðveru herliðs.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:
*Hversu mikil var viðvera erlends herliðs á Íslandi á árunum 2016–2023? Þess er óskað að fram komi tímabil og tilefni viðveru hvers hóps, upprunaríki og fjöldi liðsmanna og gistinátta. Fyrir árið 2023 er þess jafnframt óskað að fram komi kostnaður ríkisins í tengslum við hvern hóp og af hverju sá kostnaður stafaði.*

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir viðveru erlends herliðs á Íslandi á árunum 2016–2023 ásamt upplýsingum um tímabil, upprunaríki, fjölda liðsmanna og tilefni viðveru ásamt samantekt á fjölda gistinátta.

| 2023 | Hópur | Fjöldi (meðaltal) | Tímabil | Tilefni |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski sjóherinn | 143 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 19 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Starfsmaður USN | 1 | 1. jan. – 31. des. | Vegna fjarskiptastöðvar í Grindavík |
| | Norski flugherinn | 54 | 7. jan. – 18. feb. | Loftrýmisgæsla |
| | Breski flugherinn | 18 | 19. jan. – 23. jan. | NATO æfing |
| | Bandaríski sjóherinn | 24 | 29. jan. – 4. feb. | Eftirlit með æfingum |
| | Þýski flugherinn | 9 | 28. mars – 29. mars | Kynnisferð |
| | Liðsmenn frá ýmsum bandalagsríkjum | 97 | 18. apríl – 7. maí | Dynamic Mongoose |
| | Joint Expeditionary Force (JEF) | 116 | 14. maí – 7. júlí | Æfing |
| | Eistneski flugherinn | 1 | 15. maí – 28. sept | Þjálfunarverkefni |
| | Norski flugherinn | 1 | 20. maí – 6. júlí | Þjálfunarverkefni |
| | Bandaríski flugherinn | 9 | 31. maí – 1. júní | Air Defender, æfing |
| | Bandaríski flugherinn | 84 | 3. júní – 8. júní | Air Defender, æfing |
| | Bandaríski flugherinn | 38 | 21. júní – 7. júlí | Air Defender, æfing |
| | NATO HQ DI | 10 | 11. júlí – 13. júlí | Ráðstefna |
| | Kanadíski flugherinn | 8 | 17. júlí – 31. júlí | Viðgerð á flugvél |
| | Þýski flugherinn | 48 | 26. júlí – 13. ágúst | Rapid Viking, æfing |
| | Bandaríski flugherinn | 135 | 1. ágúst – 3. okt. | B2 verkefni |
| | Norski flugherinn | 13 | 9. ágúst – 10. ágúst | Loftrýmisgæsla, undirbúningur |
| | Starfsmenn frá US, LVA, BEL, LTU, ROU | 13 | 14. ágúst – 18. ágúst | Tæknisamstarf |
| | Starfsmenn frá NOR, FIN, DNK, SWE | 9 | 14. ágúst – 16. ágúst | Samráðsfundur |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski flugherinn | 2 | 20. ágúst – 25. ágúst | Heimsókn |
| | Starfsmenn frá NOR, SWE | 9 | 22. ágúst – 23. ágúst | NORDEFCO fundur |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 44 | 24. ágúst – 1. sept. | Northern Challenge, skipulagsfundur |
| | Norski flugherinn | 11 | 25. ágúst – 7. sept. | Þátttaka í B2 æfingu |
| | AIRCOM, COM (US) | 13 | 28. ágúst – 29. ágúst | Heimsókn |
| | Joint Arctic Command DK | 3 | 31. ágúst | Heimsókn |
| | Starfsmenn Bandaríska hersins | 28 | 5. sept – 8. sept. | Norður Víkingur, skipulagsfundur |
| | Bandaríski sjóherinn | 3 | 11. sept – 15. sept. | Úttekt |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 209 | 16. sept. – 12. okt. | Northern Challenge, æfing |
| | Norski flugherinn | 2 | 17. sept. – 5. okt. | Þjálfunarstuðningur |
| | Joint Expeditionary Force, GBR | 3 | 26. sept. | Undirbúningur |
| | Kanadíski herinn | 3 | 26. sept. – 29. sept. | Tækniaðstoð |
| | Bandaríski flugherinn | 77 | 15. okt. – 20. nóv. | Loftrýmisgæsla |
| | Kanadíski flugherinn | 46 | 17. okt. – 1. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Litáíski herinn | 5 | 3. okt. | Kynnisferð |
| | NECC-IS-NOR | 3 | 3. okt. – 7. okt. | Tæknistuðningur |
| | USA | 2 | 9. okt. – 11. okt. | Tæknistuðningur |
| | Bandaríski sjóherinn í Evrópu (NAVEUR) | 6 | 12. okt. | Samráðsfundur |
| | Ítalska sendiráðið | 3 | 19. okt. | Samráðsfundur |
| | Bandaríski flugherinn | 2 | 30. okt. – 2. nóv. | B2, frágangur |
| | Þýski sjóherinn | 34 | 29. nóv. – 21. des. | Kafbátaeftirlit |
| | NAVFAC | 3 | 10. des. – 13. des. | Samráðsfundur |
| | Bandaríska sendiráðið í Osló | 1 | 10. des. – 12. des. | Samráðsfundur |
| | Bandaríski flugherinn | 7 | 10. des. – 12. des. | Þjálfun |
| | Joint Expeditionary Force, GBR | 3 | 11. des. | Uppsetning á búnaði |
| | Varnarmálaráðuneyti Slóveníu | 4 | 13. des. | Tæknisamstarf |
| | US EUCOM | 3 | 15. des. | Kynnisferð |
| | Kanadíski flugherinn | 7 | 18. des. – 21. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Kanadíski flugherinn | 3 | 26. des. – 27. des. | Kafbátaeftirlit |

| **2022** | **Hópur** | **Fjöldi (meðaltal)** | **Tímabil** | **Tilefni** |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski sjóherinn | 171 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 19 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Kanadíski flugherinn | 30 | 26. jan. – 17. mars | Kafbátaeftirlit |
| | Portúgalski flugherinn | 74 | 26. jan. – 14. apríl | Loftrýmisgæsla |
| | Liðsmenn frá ýmsum bandalagsríkjum | 115 | 23. mars – 19. apríl | Norður-Víkingur |
| | Ítalski flugherinn | 127 | 16. apríl – 7. júlí | Loftrýmisgæsla |
| | Danski flugherinn | 12 | 25. júlí – 30. ágúst | Viðhald þyrlu |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 212 | 19. sept. – 14. okt. | Northern Challenge |
| | Kanadíski flugherinn | 35 | 30. sept. – 21. des. | Kafbátaeftirlit |

| 2021 | Hópur | Fjöldi (meðaltal) | Tímabil | Tilefni |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski sjóherinn | 54 | 1. jan. – 3. mars | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 16 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Kanadíski flugherinn | 26 | 1. jan. – 31. jan. | Kafbátaeftirlit |
| | Norski flugherinn | 91 | 2. feb. – 5. apríl | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 177 | 16. mars – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Liðsmenn frá ýmsum bandalagsríkjum | 46 | 20. júní – 5. ágúst | Dynamic Mongoose |
| | Bandaríski flugherinn | 102 | 3. júlí – 4. ágúst | Loftrýmisgæsla |
| | Pólski flugherinn | 101 | 5. ágúst – 5. okt. | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski flugherinn | 120 | 12. ágúst – 26. sept. | B2 verkefni |
| | Danski flugherinn | 14 | 15. sept. – 18. okt. | Viðhald þyrlu |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 156 | 9. okt. – 3. nóv. | Northern Challenge |
| | Kanadíski flugherinn | 40 | 13. nóv. – 24. des. | Kafbátaeftirlit |

| 2020 | Hópur | Fjöldi (meðaltal) | Tímabil | Tilefni |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski sjóherinn | 58 | 1. jan. – 18. jan. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 15 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandarískir og norskir liðsmenn | 45 | 22. jan. – 4. maí | Norður-Víkingur |
| | Kanadíski flugherinn | 22 | 27. jan. – 27. maí | Kafbátaeftirlit |
| | Norski flugherinn | 91 | 2. feb. – 3. apríl | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 24 | 3. feb. – 7. feb. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 17 | 1. mars – 6. mars | Kafbátaeftirlit |
| | Ítalski flugherinn | 113 | 24. maí – 28. júlí | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 105 | 8. júní – 24. nóv. | Kafbátaeftirlit |
| | Breskir, norskir, franskir liðsmenn | 34 | 26.júní – 20.júlí | Dynamic Mongoose |
| | Danski flugherinn | 10 | 1. júlí – 19. júlí | Viðhald á þyrlu |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 37 | 29. ágúst – 22. sept. | Northern Challenge |
| | Danski flugherinn | 10 | 22. sept. – 27. okt. | Viðhald á þyrlu |
| | Bandaríski flugherinn | 167 | 1. okt. – 10. nóv. | Loftrýmisgæsla |
| | Kanadíski flugherinn | 46 | 17. okt. – 6. nóv. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 4 | 14. des. – 20. des. | Kafbátaeftirlit |

| 2019 | Hópur | Fjöldi (meðaltal) | Tímabil | Tilefni |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski sjóherinn | 57 | 28. jan. – 24. feb. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 7 | 3. feb. – 23. feb. | Kafbátaeftirlit |
| | Ítalski flugherinn | 107 | 1. mars – 18. apríl | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 11 | 28. mars – 30. nóv. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 12 | 12. apríl – 15. júlí | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski flugherinn | 105 | 21. júlí – 27. ágúst | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 13 | 20. maí – 10. júní | Kafbátaeftirlit |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 122 | 31. ágúst – 24. sept. | Northern Challenge |
| | Ítalski flugherinn | 139 | 23. sept. – 31. okt. | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 54 | 20. okt. – 14. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Breski flugherinn | 103 | 28. okt. – 17. des. | Loftrýmisgæsla |

| **2018** | **Hópur** | **Fjöldi (meðaltal)** | **Tímabil** | **Tilefni** |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski sjóherinn | 7 | 1. jan. – 16. feb. | Kafbátaeftirlit |
| | Danski flugherinn | 45 | 5. apríl – 2. maí | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 91 | 17. júní – 12. júlí | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 7 | 19. júní – 11. júlí | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski flugherinn | 167 | 24. júlí – 3. sept. | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 14 | 24. ágúst – 28. ágúst | Kafbátaeftirlit |
| | Ítalski flugherinn | 127 | 27. ágúst – 10. okt. | Loftrýmisgæsla |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 140 | 16. sept. – 27. sept. | Northern Challenge |
| | Bandaríski sjóherinn | 29 | 14. okt. – 30. okt. | Kafbátaeftirlit |

| **2017** | **Hópur** | **Fjöldi (meðaltal)** | **Tímabil** | **Tilefni** |
|---|---|---|---|---|
| | Ítalski flugherinn | 100 | 9. mars – 30. apríl | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 11 | 19. apríl – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 11 | 19. apríl – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Kanadíski flugherinn | 119 | 1. maí – 23. júní | Loftrýmisgæsla |
| | Liðsmenn frá ýmsum bandalagsríkjum | 140 | 18. júní – 9. júlí | Dynamic Mongoose |
| | Bandaríski sjóherinn | 9 | 1. júlí – 15. júlí | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski flugherinn | 119 | 15. ágúst – 19. okt. | Loftrýmisgæsla |
| | Bandaríski sjóherinn | 54 | 21. ágúst – 17. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 139 | 23. sept. – 20. okt. | Northern Challenge |

| **2016** | **Hópur** | **Fjöldi (meðaltal)** | **Tímabil** | **Tilefni** |
|---|---|---|---|---|
| | Bandaríski sjóherinn | 12 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski sjóherinn | 60 | 1. jan. – 31. des. | Kafbátaeftirlit |
| | Bandaríski flugherinn | 160 | 4. apríl – 30. apríl | Loftrýmisgæsla |
| | Norski flugherinn | 70 | 30. maí – 28. júní | Loftrýmisgæsla |
| | Tékkneski flugherinn | 70 | 29. sept. – 1. nóv. | Loftrýmisgæsla |
| | Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum | 215 | 12. sept. – 22. sept. | Northern Challenge |

*Gisting – samantekt.*

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samtals gistinætur á KAB[1] | 29.607 | 19.465 | 30.215 | 26.784 | 37.289 | 57.571 | 56.970 |
| Samtals gistinætur á hóteli | 7.043 | 4.405 | 7.679 | 28.647 | 55.158 | 43.864 | 37.555 |
| **Samtals gistinætur á Íslandi** | **36.650** | **23.870** | **37.894** | **55.431** | **92.447** | **101.435** | **94.525** |
| | | | | | | | |
| **Hlutfall KAB** | **81%** | **82%** | **80%** | **48%** | **40%** | **57%** | **60%** |

Ekki voru tiltækar nákvæmar upplýsingar um fjölda og skiptingu gistinátta á árinu 2016 en ætla má að þær hafi verið nálægt 36 þúsund miðað við áætlaðan þátttakendafjölda og tímalengd hvers verkefnis.

Beinn aðgreindur kostnaður af viðveru erlends herliðs á árinu 2023 nam rúmum 34 millj. kr. Sá kostnaður var að langmestu leyti samningsbundinn kostnaður vegna loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins (tæpar 33 millj. kr.) en rétt er að hafa í huga að kostnaður við loftrýmisgæsluna á síðasta ári var mjög lágur. Bæði var að á árinu voru einungis tvær flugsveitir hér við formlega loftrýmisgæslu, norsk og bandarísk en venjulega koma þrjár sveitir árlega. Kostnaður við norsku flugsveitina nam um 28 millj. kr., 20 millj. kr. vegna fæðiskostnaðar, 4 millj. kr. vegna flutninga á liðsmönnum og 4 millj. kr. í annan kostnað. Vegna skamms fyrirvara á komu bandarísku flugsveitarinnar gistu flestir liðsmenn hennar utan öryggissvæðis og bar sveitin bróðurpartinn af kostnaði við dvölina sjálf. Kostnaður Íslands hennar vegna nam um 4,8 millj. kr., þar af 2,3 millj. kr. vegna þátttöku í fæðiskostnaði, 1,5 millj. kr. vegna flutninga á liðsmönnum og 1,2 millj. kr. í annan kostnað. Árlegur kostnaður við loftrýmisgæslu er annars áætlaður 90–100 millj. kr. Langstærstu útgjaldaliðir við loftrýmisgæsluna eru fæðiskostnaður og flutningar.

Almennur rekstur á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli fellur á íslenska ríkið í formi gistiríkjaskuldbindinga og þjónustu sem er til staðar alla daga ársins, þ.m.t. er starfsmannakostnaður, almenn þjónusta, viðhald, öryggisgæsla og rekstur mannvirkja, kerfa og svæða. Sá kostnaður er ekki sundurliðaður niður á einstök verkefni.

Erlendur liðsafli, þ.m.t. bandaríski sjóherinn sem dvelur hér á landi við önnur verkefni en formlega loftrýmisgæslu, greiðir að mestu allan annan kostnað sem til fellur án álags, þ.m.t. er afnot af gistingu, fæði, flutningur á liðsmönnum o.fl.

45 tímar fóru í að taka saman þetta svar við fyrirspurninni, aðallega hjá starfsmönnum varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins í Keflavík.

---

[1] KAB er stytting á ensku heiti öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli „Keflavik Air Base“.